

Alþingi
Erindi nr. P 127/1718
komudagur 94. 2002

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar með fulltrúum allra þingflokka sem móti siðareglur fyrir alþingismenn

8. apríl 2002

Undirritaður var beðinn um það af Siðfræðistofnun að semja umsögn um ofangreinda þingsályktun.

Er mælt með því að þingsályktunin verði samþykkt.

Alþingismenn vinna störf sín í umboði þjóðarinnar og í hennar þágu. Þeir taka ákvarðanir í málum sem varða alla borgarana miklu. Því er mikilvægt að ríkt traust sé milli þingmanna og almennings. Slíkt traust skapast fyrst og fremst með því að þingmenn vinni af heiðarleika og trúmennsku í þágu almannahagsmuna. Reynslan sýnir að eitt og annað getur farið úrskeiðis í störfum kjörinna fulltrúa sem grafið getur undan trausti. Alþingi getur fyrir sitt leyti gert ýmilsegt til að draga úr líkum á að slíkt gerist og jafnframt stuðlað að því að slíkt mál fái viðeigandi afgreiðslu innan þings ef þau koma upp. Skráning siðareglna getur verið einn þáttur í að efla traust almennings á störfum þingmanna og einnig auðveldað þingmönnum að rísa undir því trausti.

Siðareglur eru hluti af því sem nú er farið að kalla „ethics infrastructure“ á ensku, eða siðferðilega innviði í opinberu lífi (sjá meðal annars leiðbeiningar OECD um siðferði í opinberri stjórnsýslu). Er þar átt við þær leiðir, skipulag og skilyrði í stjórnkerfinu og samfélaginu almennt sem hvetja til fagmennsku og góðra vinnubragða í stjórnsýslu og stjórnámálum. Auk siðareglna eru siðferðilegir innviðir fólgnir í þáttum eins og pólitískri skuldbindingu forystuafla um að láta ekki siðlaust athæfi óátalið, skilvirkt lagaumhverfi, stofnanaumhverfi (til dæmis eftirlitsstofnanir og -nefndir og ráðgefandi embættismenn og nefndir) og virkt lýðræðislegt samfélag. Nauðsynlegt er að gefa öllum þessum þáttum gaum. Í þessu sambandi má til dæmis nefna þann hátt sem hafður er á í breska þinginu, þar sem sérstakur embættismaður er þingmönnum til aðstoðar og leiðbeiningar í málum sem varða hagsmunatengsl þingmanna, auk þess sem hann tekur við utanaðkomandi kvörtunum.

Til að starfs- og siðareglur af því tagi sem hér eru lagðar til nái tilgangi sínum er nauðsynlegt að um þær ríki sem mest samstaða á Alþingi og þær njóti virks stuðnings stjórnsmálaflokkanna og forystufólks á þingi. Umbætur á þessu sviði ná ekki fram að ganga nema þeir sem eru í forystu veiti þeim virkan stuðning.

Virðingarfyllst,


Jón A. Kalmannsson